



Samhengi hlutanna

Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna harmar afsögn Marinós G.

Njálssonar úr stjórn samtakanna og þau óþægindi sem hann og fjölskylda

hans hafa orðið fyrir vegna fjölmiðlaatgangs að friðhelgi einkalífs þeirra. Þá þakkar stjórn samtakanna honum fyrir ómetanlegt framlag til málefnaþingar umræðu um leiðir út úr þeirri kreppu sem þjakar nú samfélagið og hagkerfið.

Það er einkenni á vönduðum fjölmiðli að veita málefnalegt aðhald og upplýsa almenning um kjarna málsins hverju sinni. Fullvíst má telja að umfjöllun fjölmiðla um persónuleg fjármál fyrrverandi stjórnarmanns samtakanna muni seint skoðast sem dæmi um slíkt. Af forsögu málsins mátti öllum vera ljóst að úrsögn Marinós úr stjórn samtakanna, sem viðbrögð við ágangi fjölmiðla og boðaðrar umfjöllunar um hans einkahagi, í hans óþökk, var til þess fallin að verja friðhelgi einkalífs hans. Með úrsögn úr stjórn var línan dregin; hann talaði ekki lengur í umboði samtaka sjálfboðaliða sem hafa lagt orð í belg í opinberri umræðu. Engu að síður kusu ákveðnir fjölmiðlar að gera persónuleg málefni hans að umfjöllunarefni, og virða þar með stjórnarskrárvarinn rétt einstaklings að vettugi. Hver var tilgangurinn með þeirri umfjöllun? Eru ríkari kröfur um upplýsingar persónulega hagi stjórnarmanna samtakanna en kjörinna fulltrúa, eða annarra sambærilegra launaðra aðila eðlilegar eða réttlætanagerar?

Á dögnum skilaði fyrrverandi stjórnarmaður samtakanna séráliti í sérfræðingahópi sem stjórnvöld kölluðu saman í nauðvörn í kjölfar einna mestu mótmæla Íslandssögunnar þann 4. október síðastliðinn. Hví grennslast fjölmiðlar ekki betur fyrir um ástæður þess að fyrrverandi stjórnarmaður sá sig knúinn til að skila slíku séráliti og um innihald þess? Í sérálitinu kemur meðal annars fram rökstuðningur fyrir því að af þeim leiðum sem sérfræðingahópurinn tók til skoðunar er almenn leiðrétting lána sú aðgerð sem myndi gagnast flestum heimilum.

Hvers vegna er ekki fjallað um hundruð milljarða tap lífeyrissjóðanna, sem mun skerða lífeyri heimilanna? Hvers vegna er ekki fjallað um þá ákvörðun ráðherra og forráðamanna launþegahreyfingarinnar að senda heimilunum flata uppfærslu verðtryggðra lána um 126ma með því að bregðast ekki við augljósum og fyrirsjáanlegum verðbólguþökum strax haustið 2008? Hvers vegna er ekki fjallað um galla verðtryggingar- og lífeyrissjóðakerfisins, sem mun setja hagkerfið á hliðina innan skamms, verði ekki gripið í taumana?

Talsmenn samtakanna hafa lagt áherslu á að spyrna kröftuglega við efnahagslegu ofbeldi og einhliða hagsmunagæslu fjármálfyrirtækja og stjórnvalda í kjölfar hrunsins. Í málflutningi sínum hafa talsmenn samtakanna leitast við að skýra málin í víðu samhengi. Gríðarleg breyting á fjárskuldbindingum heimilanna blasir við. Árið 2004 voru heildarskuldir heimilanna 877ma, en hafa nú hækkað í um 2000ma. Sú hækking er ekki síst til komin vegna verulegra mistaka við stjórn efnahagsmála, gallaðra grunnkerfa og óábyrgar útlánastarfsemi fjármálfyrirtækja.

Samtökin hafa frá upphafi lagt áherslu á að allar grunnstoðir samfélagsins verði að komast í gegnum þessar efnahagshremmingar. Ekki hefur verið vanþörf á málflutningi samtakanna í opinberri umræðu því heimilin virðast munaðarlaus innan ríkisstjórnar, ólíkt öðrum grunnstoðum. Verið er að ræna

heimilin öllum uppsöfnuðum fjármunum og ætlast er til að þau undirgangist afsal framtíðartekna með skuldaviðurkenningu á stökkbreyttum lánum. Í skammsýni er það talið bjarga stöðu ríkissjóðs og fjármálafyrirtækja. Öllum ráðum er beitt til að sundra þeim sem hafa eitthvað við þessi áform að athuga og stjórnvöld forðast eins og heitan eldinn að birta spá um afdrif heimilanna undir þessum ofbeldisfullu aðgerðum til komandi ára. Sú spá myndi búa til óbærilegan pólitískan þrýsting, sem ekki er óskað eftir. Því velja stjórnvöld að vera stöðugt hissa á síversnandi stöðu heimilanna og einbeita sér að þeim „verst settu“. En hvað kostar, til lengri tíma litið, að bregðast ekki við þeim brýna vanda sem heimilin standa frammi fyrir fyrr en tjónið er komið fram og fólk gefst upp undan samhentum áróðri og afli fjármálafyrirtækja og skammsýnna stjórnvalda? Hvenær varð sú ákvörðun að fjárfesta í landinu með langtíma viðskiptasambandi við fjármálafyrirtæki glæpsamleg? Þetta er þrátt fyrir allt kennimynd 80% heimila landsins og einn mikilvægasti grunnþáttur hagkerfisins.

Hagsmunasamtök heimilanna hafa varið ómældum tíma í sjálfböðavinnu við að vekja athygli á augljósum samfélagslegum hættum og lagt til ýmsar málefnalegar lausnir til hagsbóta. Þær tillögur endurspeglar víðtækt samráð við fjölda félagsmanna um allt land og eru grunnur til umræðna um umfang vandans og setja vissan ramma um markmið aðgerða til lausna. Samtökin eru að sjálfsögðu ekki yfir gagnrýn hafin og því ekki haldið fram að áherslur þeirra séu hinar einu réttu. Þess er þó krafist að byrðum vegna hrunsins sé deilt með sanngjörnum hætti milli aðila og að hagsmunir séu metnir heildrænt í opinni málaefnalegri umræðu um leiðir til samfélagslegra satta.

Samtökin hvetja fjölmiðla til að vanda efnistöð sín og virða friðhelgi einkalífsins.

Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna, 25.11.2010